



GAMMA: Government Bond Index Fund

GAM Management hf.

GAM Management hf.
Klapparstígur 29
101 Reykjavík

1. október 2010

GAMMA: Iceland Government Bond Fund


Vísítolusjóður GAMMA er fyrsti verðbréfasjóður sinnar tegundar á Íslandi. Hann fjárfestir í ríkistryggðum bréfum (ibúðabréfum, ríkisbréfum og verðtryggðum ríkisbréfum) í sömu hlutföllum og samsetning vísítolu íslenska skuldabréfamarkaðarins, GAMMA: Government Bond Index. Sjóðurinn mun því leitast við að fylgja markaðsvöxtun sem best. Hann hentar vel viðskiptavinum sem vilja langtímafjárfestingu í ríkistryggðum skuldabréfum með lágmarkskostnaði.

Vísítolusjóður GAMMA beitir hlutlausri og fyrirfram þekkti fjárfestingarstefnu. Um mánaðamót er eignasafn sjóðsins endurstilt í samræmi við vigtir skuldabréfavísítolu GAMMA (GAMMA: Government Bond Index). Leitast er við að hafa vigtir í einstökum bréfum ávallt sem næst vísítolunni með ±2% frávik. Innstreymi (nýjar fjárfestingar, vaxtagreiðslur og afborganir) í sjóðinn er fjárfest við fyrsta tækifæri í samræmi við vísítoluna.

Helstu upplýsingar

Gjaldmiðill:	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Rekstrarform:	Verðbréfasjóður
Árleg þóknun:	0,45%
Gengismunur:	0,00%
Innlausnargjald:	0 kr.
Sölutímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl. 14:00
Gengisuppreikningur:	Daglegur í lok dags
Meðallíftími:	9 ár, sbr. skuldabréfavísitala
Hámarks stærð:	Engin
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskráningu

Eignasamsetning



Skuldabréfavísitala GAMMA, GAMMA: Government Bond Index, er reiknuð og birt af GAM Management hf. Hún sýnir markaðsverðmætavigtaða heildarávöxtun helstu skuldabréfa á markaði sem eru útgefin af íslenska ríkinu eða með íslenskri ríkisábyrgð. Í vísítolunni eru ibúðabréf, ríkisbréf og verðtryggð ríkisbréf með þeim skilyrðum að viðskiptavakt sé á skuldabréfinu í NASDAQ OMX Nordic Exchange og meira en 6 mánuðir séu í lokdag skuldabréfs. Vísitalan er reiknuð í lok hvers viðskiptadags og eru vigtir endurstílltar fyrsta viðskiptadag hvers mánaðar.

Tölur um ávöxtun vísa til fortíðar og hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Skuldabréfateymi

Gisli Hauksson
tel. 540 3281
gisli@gamma.is

Guðmundur Björnsson
tel. 540 3283
mummi@gamma.is

Agnar T. Möller
tel. 540 3282
agnar@gamma.is

Valdimar Ármann
tel. 540 3286
valdimar@gamma.is
Sjóðsstjóri

Um GAM Management hf. og sjóðsstjóra

GAM Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA fékk starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu í mars 2009.

GAMMA sérhæfir sig í fjárfestingu á vaxtamarkaði (e. fixed income) og gjaldeyrismarkaði (e. FX) en leggur sérstaka áherslu á tækifæri sem felast í íslenskum skuldabréfa-, vaxta- og gjaldeyrismarkaði.

Sjóðsstjóri er Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, sem starfaði hjá ABN AMRO í London við verðbólgtengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðast RBS sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Fyrst starfaði Valdimar hjá Búnaðarbankanum í afleiðum og gjaldeyrisviðskiptum. Hann hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum á Íslandi sem og í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Sýn sjóðsstjóra

GAMMA: INDEX hefur gengið vel að fylgja eftir skuldabréfavísítolu GAMMA, GAMMA: GBI, og hefur fylgni verið um 99,71% og daglegt frávik frá vísítolunni verið að meðaltali um -0,25bp frá stofnun sjóðsins. Hefur sjóðurinn hækkað um 8,9% frá stofnun hans þann 18. janúar 2010 en vísitalan hefur hækkað um 9,3% á sama tíma.


Óvenju miklar hræringar hafa verið á skuldabréfamarkaði frá síðustu vaxtalækkun Seðlabankans þann 22. september. Fyrir fundinn höfðu öll skuldabréf hækkað umtalsvert í verði og hækkað t.a.m. skuldabréfavísitalan um 5,04% í ágúst og hafði hækkað um 2,65% til viðbótar til 21. september. Í lok september hafði vísitalan síðan lækkað um 3,47% yfir mánuðinn.

Gengispróun og ávöxtun

Ávöxtun	Kennitölur
1 mánuður	Hrein eign [m.kr.]: 1.000
3 mánuðir	Verðtryggt: 70,7%
6 mánuðir	Meðallíftími ár: 8,95
frá stofnun*	90 daga flökt: 11,5%

*stofndagur 18. janúar 2010

Gengispróun GAMMA: INDEX vs. skuldabréfavísitala GAMMA



Fyrirvara:

Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svá upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábrygjum við ekki beitt eða óbeint eða óeintagd notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat að númerandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllun ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum neð á þeim mörkuðum sem her er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það að því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAM Management hf. er rekstrarfélag Verðbréfasjóðs GAM Management. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingsarsjóði. Nánari upplýsingar um áháttu og fjárfestingar má finna í útböðslýsingu eða útdrátti útböðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasiðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnad, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhætta vegna efnahagsástands, alþjólegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðum. Athygli er vakin á því að sóguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.